FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
160. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 10. JÚLÍ 2017

# Segir Baltasar Kormák fá meira en aðra

**Eigandi eins stærsta sjónvarpsþáttaframleiðanda Íslands segir tugmilljóna króna úthlutun vegna Ófærðar 2 koma á óvart. Takmarka eigi hversu lengi forstöðumaður Kvikmyndasjóðs geti setið í starfi.**

**MENNING** Það skortir jafnræði við úthlutun úr Kvikmyndasjóði til framleiðenda, segir eigandi eins stærsta sjónvarpsþáttaframleiðanda á Íslandi. Hann segir að 60 milljóna króna úthlutun vegna Ófærðar 2 á dögunum hafi komið sér verulega á óvart. Ekki var búið að skrifa handrit að nema fjórum þáttum af tíu þegar ákvörðun um úthlutunina var tekin. Þrátt fyrir það stendur í 8. grein reglugerðar um Kvikmyndasjóð að vilyrði um framleiðslustyrk megi veita tímabundið þegar fullbúið handrit liggur fyrir ásamt fjárhags- og fjármögnunaráætlun.

„Reglan hefur verið sú að það hefur þurft að skila inn handritum. Þarna er skilað inn 40 prósentum af því sem átti að skila inn,“ segir Snorri Þórisson, eigandi Pegasus. Hann bætir við að Pegasus hafi verið með umsókn á sama tíma vegna framhalds á þáttaröðinni Hrauninu. Fyrirtækið hafi lagt handrit að öllum þáttunum inn en fengið athugasemd við þau og ekki fengið styrk. „Það hefði kannski verið heppilegra að skila inn einu og hálfu handriti og segja svo gróflega frá því hvað við ætluðum að gera með restina. Þá hefði kannski verið minni ástæða til að gera athugasemd við það. En mér datt bara ekki í hug að það væri heimilt að skila svona fáum handritum inn,“ segir hann.

Í Fréttablaðinu á fimmtudag kom fram að aðrir framleiðendur skoðuðu réttarstöðu sína vegna ákvörðunar Kvikmyndasjóðs og hugsanlega yrði kannað hvort brotið hefði verið gegn reglum stjórnsýsluréttar þegar ákvörðun um úthlutunina var tekin. Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar, svaraði því til að hún teldi

> **Reglan hefur verið sú að það hefur þurft að skila inn handritum. Þarna er skilað inn 40 prósentum af því sem átti að skila inn.**
>
> Snorri Þórisson, eigandi Pegasus



ekki að reglur hefðu verið brotnar en vonsviknir aðilar hefðu komið ábendingunum áleiðis.

„Ég var hissa á svörum Laufeyjar Guðjónsdóttur út af þessu. Vegna þess að þar segir hún mjög ósmekklega að þeir sem fái ekki styrki séu bara spældir,“ segir Snorri. Það sé alls ekki svo en menn vilji að allir sitji við sama borð og að jafnræðisregla gildi. Þá segir hann engum hollt að sitja í sömu stöðunni eins og Laufey er búin að gera í fimmtán ár. „Þjóðleikhússtjóri er í átta ár að hámarki og það ætti að gilda eitthvað svipað um þetta,“ segir Snorri. Hann bætir því þó við að hann hafi skoðað úthlutanir þrjú til fjögur ár aftur í tímann og honum sýnist að Baltasar Kormákur hafi á þeim tíma fengið tæpar 500 milljónir króna, Sagafilm um 300 milljónir en Pegasus um 92 milljónir. „Þannig að auðvitað ætti ég að vera spældur,“ segir hann. **– jhh**



**Fólk nýtti góða veðrið í gær með ýmsum hætti. Margir gengu sér til heilsubótar á Esjuna og lögðu hundruð manna leið sína upp að Steini. Fjölmargir fara leiðina nokkrum sinnum í viku og njóta líkamsræktar í náttúrulegu umhverfi. Það er vissulega skemmtilegra eftir því sem betur viðrar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Uggandi vegna verðlækkana

**SJÁVARÚTVEGUR** Þær verðlækkanir sem hafa orðið á fiskmörkuðum í sumar valda sjómönnum miklum áhyggjum, segir Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda. Verði þær viðvarandi gætu þær reynst þjóðarbúinu afar dýrkeyptar.

„Ef þorskverðið heldur áfram að lækka svona gríðarlega, þá munu áhrifin á þjóðarbúið koma fljótt í ljós þar sem þorskur er um 45 prósent af öllu aflaverðmæti. Þannig munu laun allra sjómanna lækka sem leiðir til minnkandi tekna sveitarfélaga í formi útsvars og annarra gjalda. Þannig að lækkunin smitar út frá sér. Það er engin spurning um það. Og ef hún verður viðvarandi, sem ég vona auðvitað ekki, þá er alvarleikinn mikill,“ segir Örn í samtali við Fréttablaðið. **– kij / sjá síðu 6**

## Hættur eftir 29 ára starf

**SAMFÉLAG** Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima, hefur látið af störfum. Guðmundur hafði starfað nánast samfleytt í þrjá áratugi hjá Sólheimum.

„Þessi hugsun skýtur alltaf upp kollinum annað kastið, hvort maður eigi að vera áfram. Það var niðurstaðan núna að rétt væri að breyta til,“ segir Guðmundur.

Umræða hefur verið um starfið á Sólheimum að undanförnu en í upphafi árs var meðal annars viðtal í Fréttablaðinu við fyrrverandi íbúa sem gekk illa að komast þaðan. Guðmundur segir að ekki hafi verið þrýst á hann að hætta.

„Ég tók þessa ákvörðun sjálfur og það var ekki neitt slíkt. Ég ætla að taka góða pásu með haustinu og skoða hvaða möguleikar eru í boði,“ segir hann. **– jóe**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorsteinn Víglundsson skrifar um félagslegt húsnæði. 10
**SPORT** Furðulegur lokadagur hjá Ólafíu Þórunni. 12
**MENNING** Kristján Pálsson lauk meistaraprófi í sagnfræði 72 ára gamall. 14
**LÍFIÐ** Friðrik Dór verður kynnir þáttarins Kórar Íslands í haust. 22



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
- **FÓLK**
- **FASTEIGNIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Fremur hæg norðvestlæg átt í dag. Yfirleitt bjart vestan til á landinu, en skýjað austanlands með lítilsháttar skúrum. Hiti víða 12 til 19 stig að deginum, en svalara á Norðausturlandi. SJÁ SÍÐU 16

# Unnið á gamla mátann



Árbæjarsafn bauð börnum og fjölskyldum þeirra að taka þátt í smiðjum í gær, þar sem þau fengu að kynnast starfsháttum fyrri tíma eins og hvernig afla þurfti eldiviðar fyrir veturinn og koma honum í hús, bera vatn á milli staða, vinna ull, þvo þvott og hengja upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Erfitt að koma vörum á milli lands og Eyja

**VESTMANNAEYJAR** Fyrirtæki í matvælavinnslu í Vestmannaeyjum hafa sent fimm ráðherrum erindi þar sem þess er krafist að ferðum Herjólfs verði fjölgað úr sex í átta í sumar. Í erindinu segir að þær fáu ferðir sem Herjólfur sigli á hverjum degi dugi ekki til þess að anna eftirspurn ferðamanna, sjávarútvegsfyrirtækja eða Vestmannaeyinga.

Elliði Vignisson bæjarstjóri segir forsvarsmenn fyrirtækjanna hafa lýst yfir þungum áhyggjum af stöðunni. Fyrirtækin eigi orðið í erfiðleikum með að koma vörum og hráefni á milli lands og Eyja. „Við getum ekki horft upp á tækifærin tapast og hráefni skemmast vegna þess að ríkið skammtar ekki nógu margar ferðir með Herjólfi.“ – kij

## Segja óvissuna afar óþægilega

**STJÓRNSÝSLA** Rekstraraðilar Fosshótels við Mývatn segja óvissuna sem hefur skapast í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá því í síðustu viku afar óþægilega. Nauðsynlegt sé að fá skorið úr henni sem fyrst.

Eins og kunnugt er felldi nefndin úr gildi þá ákvörðun Skipulagsstofnunar að hóteluppbyggingin, sem er á verndarsvæði Mývatns og Laxár, skuli ekki sæta umhverfismati.

Rekstraraðilarnir taka fram í yfirlýsingu að úrskurðurinn feli ekki sjálfkrafa í sér að framkvæmdin fari í umhverfismat, heldur snúi hann eingöngu að málsmeðferðinni. Skipulagsstofnun þurfi nú að taka nýja ákvörðun um hvort hótelið skuli sæta umhverfismati, en stefnt er að því niðurstaða stofnunarinnar liggi fyrir í lok sumars. – kij

## Áverkar á höfði eftir hjólaslys

**SLYS** Maðurinn, sem fluttur var með þyrlu Landhelgisgæslunnar á Landspítalann í Fossvogi eftir hjólreiðaslysið við Skálholtsveg í fyrradag, er ekki talinn í lífshættu.

Þorgrímur Óli Sigurðsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Suðurlandi, segir í samtali við Vísi að maðurinn, sem slasaðist mest þeirra fimm er lentu í slysinu í gær, sé ekki lífshættu.

„Þetta eru höfuðáverkar en hann er ekki talinn í lífshættu,“ segir Þorgrímur. Þá býst hann ekki við að neinar nýjar fréttir fáist um líðan mannsins fyrr en á morgun.

„Við erum ekki með neinar nýjar upplýsingar annað en að það eru allir í miklu áfalli, bæði við mótshaldarar erum slegnir og ættingjar og vinir þeirra sem lentu í þessu,“ segir Einar Bárðarson sem stóð að mótinu. – kó






# Ráku um 50 grindhvali ítrekað burt frá landi

**Um fimmtíu grindhvalir stefndu að landi á Snæfellsnesi í gær. Í tvígang þurfti björgunarsveitarfólk að skella sér í gallana til að koma hvölunum á haf út á ný. Þetta er í annað sinn á nokkrum árum sem grindhvalir sækja á svæðið.**

**BJÖRGUN** Björgunarsveitarfólk á Snæfellsnesi var kallað út í tvígang í gær til að forða því að grindhvalavaða synti á land. Þetta er í annað sinn á fjórum árum sem slíkt atvik á sér stað.

„Hér var fólk bara í rólegheitum að nýta blíðuna í að slá garðinn og skipta um glugga,“ segir Hafrún Ævarsdóttir, meðlimur í björgunarsveitinni Lífsbjörg. Þegar kallið kom á þriðja tímanum var ekkert annað að gera en að hætta í miðju kafi og stökkva af stað.

Vaðan, um fimmtíu dýr að sögn Hafrúnar, var stödd við svæði sem kallast Bug. Björgunarfólkið fór á móti dýrunum og fældi þau á brott með bátum. Þegar dýrin voru komin um sjómílu frá landi fór fólkið aftur í land.

„Við höfðum bátinn á floti því þetta gerðist fyrir einhverjum fjórum árum. Þá komu hvalir á þessa sömu staði, syntu á land og drápust þar. Við vorum rétt komin úr göllunum þegar við fengum annað útkall,“ segir Hafrún.

Hvalirnir voru þá á leið inn í höfnina í Rifi. Allt kapp nú var lagt á að forða því að hvalirnir syntu inn í höfnina en pláss þar er lítið og hefði verið vonlaust að koma þeim þaðan.

„Það voru nokkrir komnir upp í fjöru og blessunarlega var fólk á staðnum sem óð upp í mitti til að koma þeim á flot aftur. Það er nefnilega svo að ef einn er kominn á land þá vill restin fylgja,“ segir Hafrún.

Björgunin tók talsverðan tíma því hvalirnir vildu alltaf aftur á land. Því var litlli gúmmítuðru komið fyrir í hafnarmunnanum til að varna dýrunum inngöngu. Skilið var við hvalina þegar þeir voru komnir um þrjár sjómílur frá landi.



Hvalirnir reyndu fyrst að komast á land í Bug en sóttu næst í höfnina í Rifi. Myndin er frá seinni björgunaraðgerðunum. MYND/TINNA RUT ÞRASTARDÓTTIR

> Það voru nokkrir komnir upp í fjöru og blessunarlega var fólk á staðnum sem óð upp í mitti til að koma þeim á flot aftur. Það er nefnilega svo að ef einn er kominn á land þá vill restin fylgja.



Hafrún Ævarsdóttir, meðlimur í Lífsbjörg

Líkt og áður segir átti sambærilegt atvik sér stað fyrir fjórum árum. Þá var veður vont og lítið hægt að gera. Einhverjum tókst þá meira að segja að synda í gegnum ræsi og enda fyrir ofan þjóðveg. Hvalirnir voru því flestir skornir þegar í fjöruna var komið. Hafrún segir að einhverjir hafi orðið æstir við rekann nú. Ákvörðun var tekin um að koma hvölunum út enda ólöglegt að skera þá.

„Þeir virðast vilja fara áfram út netið. Við Hellissand er lítil höfn sem heitir Krossavík og við erum nokkuð hrædd um að þeir sæki þangað næst. Annars hef ég ekki hugmynd um hví þeir gera þetta,“ segir Hafrún. johannoli@frettabladid.is




## Enn reiðubúnari en áður í hvaða verk sem er

Það er mannlegt að þreytast á löngum vinnudegi og þá er ómetanlegt að geta reitt sig á óþreytandi bakhjarl sem dugar hvað sem á dynur. Komdu og skoðaðu þennan fjölhæfa sendibíl sem er þarfasti þjónn hins metnaðarfulla fagmanns.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með PROACE.**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Óskylt að greiða fjallskil vegna viðhalds á girðingum og réttum

**DÓMSMÁL** Eigandi fjárlausrar jarðar þarf ekki að greiða fjallskilagjöld þar sem gjöldin runnu meðal annars til viðhalds á girðingum og réttum. Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Vesturlands.

Sveitarfélagið Borgarbyggð höfðaði mál gegn eigendum Sólheimatungu í Stafholtstungum til greiðslu fjallskilagjalda. Jörðin átti upprekstrarrétt á afrétt á Bjarnardal allt til ársins 1998 en þá var réttinum sagt upp. Núverandi eigendur keyptu jörðina 2012 og skulduðu tæplega 144 þúsund krónur í fjallskil.

Jarðareigendur töldu sér ekki skylt að greiða gjaldið þar sem enginn fjárbúskapur væri á jörðinni. Þá bentu þeir á að með fjallskilum væri átt við smölun og leitir. Af því leiddi að álagning fjallskilagjalda heimilaði aðeins innheimtu gjalds sem stæði undir þeim kostnaði sem af því hlýst.

Í niðurstöðu dómsins segir að þrátt fyrir að Borgarbyggð hafi ekki sundurliðað í hvað fjallskilagjaldið nýttist þá lægi það ljóst fyrir að gjaldið hefði meðal annars verið nýtt til viðhalds á girðingum og réttum. Af þeim sökum þótti álagning fjallskilagjaldsins í fjallskilasamþykkt ekki eiga sér stoð í lögum um afréttarmálefni og fjallskil.

Ingi Tryggvason, lögmaður Borgarbyggðar í málinu, segir að dómnum verði ekki áfrýjað til Hæstaréttar þar sem hin umdeilda upphæð nái ekki lágmarksáfrýjunarfjárhæð. Ekki verði sótt um áfrýjunarleyfi. Málskostnaður, 900 þúsund krónur, fellur á sveitarfélagið. – jóe



Fjallskilagjöld renna meðal annars til viðhalds á Þverárrétt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Verð hlutabréfa í Högum hefur lækkað um 27 prósent frá áramótum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Stefnir seldi stóran hlut í Högum

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingarsjóðir í stýringu Stefnis, dótturfélags Arion banka, hafa minnkað verulega hluti sína í smásölufélaginu Högum á undanförnum vikum. Þannig hefur hlutabréfasjóðurinn Stefnir - ÍS 15 selt um 3,4 prósent hlutafjár í félaginu það sem af er sumri.

Sjóðurinn átti um 8,7 prósenta hlut í Högum undir lok maímánaðar, og var þá þriðji stærsti hluthafi félagsins, en samkvæmt nýjasta hluthafalistanum, frá því í lok síðustu viku, á sjóðurinn nú 5,3 prósenta hlut. Er hann nú sjötti stærsti hluthafi Haga. Eignarhluturinn er metinn á 2,37 milljarða króna miðað við gengi bréfa í Högum á föstudag.

Eins og kunnugt er hefur gengi hlutabréfa í félaginu hríðfallið á síðustu vikum og mánuðum. Alls nemur lækkunin um 27 prósentum frá áramótum. Hafa um sextán milljarðar af markaðsvirði félagsins þurrkast út eftir að bandaríski smásölurisinn Costco opnaði verslun sína í Garðabæ undir lok maí.

Annar sjóður í stýringu Stefnis, Stefnir - ÍS 5, hefur einnig minnkað hlut í Högum í sumar. Á sjóðurinn nú 1,86 prósent hlutafjár í félaginu en hlutfallið var 2,28 prósent í byrjun júnímánaðar. – kij

# Helmingur sveitarfélaganna ætlar ekki að kaupa af ÍLS

**Þrettán sveitarfélög hafa afþakkað boð um að kaupa 204 eignir Íbúðalánsjóðs. Þrjú sveitarfélög hafa samþykkt að kaupa átta eignir sjóðsins. Stefnt er á að klára sölu 535 íbúða fyrir árslok. Formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar segir eignirnar ekki samræmast því sem sveitarfélagið leitaði að fyrir íbúa á sínu svæði.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Þrettán sveitarfélög hafa látið Íbúðalánasjóð vita að þau hafi ekki áhuga á að kaupa eignir af sjóðnum. Eins og Fréttablaðið greindi frá bauð Íbúðalánasjóður í byrjun júnímánaðar 27 sveitarfélögum til viðræðna um kaup á fasteignum í eigu sjóðsins.

Sjóðurinn á 509 eignir í sveitarfélögunum og eiga þau kost á að kaupa eignirnar áður en þær verða boðnar til sölu á almennum markaði, með það í huga að þær verði til dæmis nýttar sem félagslegt húsnæði.

Þetta er í annað sinn sem Íbúðalánasjóður býður sveitarfélögum til viðræðna um kaup á eignum, en í sambærilegu átaki fyrir um ári seldi sjóðurinn um sextíu eignir til sveitarfélaga.

Í þeim þrettán sveitarfélögum sem hafa ekki áhuga á að kaupa eignir sjóðsins eru 204 eignir. Flestar þeirra eru í Reykjanesbæ, Sandgerði og Fjarðabyggð.

Friðjón Einarsson, formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar, segir að um hafi verið að ræða á annan tug eigna í Reykjanesbæ. „Þessar eignir pössuðu ekki inn í og eru ekki eignir eins og við erum að leita að í félagslega húsnæðið okkar. Það er eina ástæðan, þetta passaði ekki inn í það sem við höfum þörf á," segir Friðjón.

Nú þegar hafa þrjú sveitarfélög samþykkt að kaupa átta eignir. Snæfellsbær er að ganga frá kaupum á fjórum eignum, Kópavogur hefur tekið ákvörðun um að kaupa þrjár og Hafnarfjörður hefur tekið ákvörðun um að kaupa eina eign.

Verðhugmyndir hafa verið sendar á átta sveitarfélög sem eru að skoða kaup á 31 eign. Sveitarfélögin sem eru að skoða kaup eru Reykjavík, Mosfellsbær, Garður, Borgarbyggð, Grundarfjarðarbær, Akureyri, Hveragerði og Sveitarfélagið Ölfus.

Þrjú sveitarfélög til viðbótar eru í samskiptum við Íbúðalánasjóð en eru komin styttra á leið og hafa ekki enn óskað eftir verði á eignum. Í einhverjum tilfellum getur verið að það eigi eftir að taka þetta formlega fyrir hjá sveitarfélögunum.

Í heildina á Íbúðalánasjóður nú 535 íbúðir og stefnt er að því að klára sölu þeirra á næstu mánuðum, að stórum hluta fyrir árslok. Afar fáar íbúðir eru á sama tíma að enda í eigu Íbúðalánasjóðs vegna sögulega lítilla vanskila við sjóðinn.

saeunn@frettabladid.is


Snæfellsbær er að ganga frá kaupum á fjórum eignum Íbúðalánasjóðs. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**509**

**eignir eru í eigu sjóðsins í sveitarfélögunum 27.**




# Yfir 270 félög gera upp í erlendri mynt

**VIÐSKIPTI** Yfir 270 íslensk fyrirtæki gera frekar upp í erlendri mynt en íslenskri krónu, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Ríkisskattstjóri hefur þó ekki veitt neinum fyrirtækjum heimild til þess að gera upp í erlendri mynt undanfarin tvö og hálft ár.

Samkvæmt lögum um ársreikninga veitir ríkisskattstjóri fyrirtækjum heimild til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli, en skilyrði er að hann teljist vera starfrækslugjaldmiðill viðkomandi fyrirtækis. Til útskýringar er starfrækslugjaldmiðill sá gjaldmiðill sem vegur hlutfallslega mest í efnahagsumhverfi fyrirtækis.

Frá og með reikningsárinu 2001 hefur verið veitt samtals 371 heimild til að gera upp í erlendri mynt. Af þessum heimildum eru 276 fyrirtæki með virka heimild í dag. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hve mörgum umsóknum hefur verið synjað.

Flestar þessara heimilda voru veittar vegna reikningsáranna 2006 til og með 2008 eða alls 169 talsins. Átta heimildir voru veittar vegna reikningsársins 2014 og engar vegna síðari ára.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að fyrirtæki sækjast eftir því að gera upp í erlendri mynt. Ef megnið af tekjum þeirra er í erlendri mynt sleppa þau til dæmis við kostnaðinn sem hlýst af miklum sveiflum í gengi krónunnar. – kij


Mörg stærstu fyrirtækja landsins gera upp í evrum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

CITROËN




# NÝR CITROËN C3

**Yfir 25 alþjóðleg verðlaun**
**7" snertiskjár með Mirror Link GSM tengingu**
**Innbyggð myndavél, ConnectedCam™**

C3 LIVE BEINSKIPTUR FRÁ
**1.970.000 KR.**
C3 FEEL SJÁLFSKIPTUR FRÁ 2.520.000 KR.

Vindar breytinga blása nú um fjölbreytta bílalínu Citroën. Við kynnum nýjan Citroën C3, einstakan í útliti með stóru 300 lítra skotti og fáanlegur með hinni bráðsnjöllu Airbump hlífðarklæðningu sem verndar fyrir hurðaskellum. Citroën C3 er hljóðlátur, búinn nýjustu kynslóð sparneytinna véla og er fáanlegur með nýrri 6 þrepa undurþýðri sjálfskiptingu sem gerir hann frábærlega skemmtilegan og mjúkan í akstri. Apple Car Play og Mirror Link tæknin, sem er fáanleg í SHINE útfærsluna, gerir þér kleift að spegla helstu forrit snjallsímans eins og t.d Google Maps á 7" snertiskjáinn. Punkturinn yfir i-ið er svo vegmyndavélin ConnectedCam (aukabúnaður) sem gerir þér mögulegt að fanga dýrmæt augnablik á ferðalagi þínu um landið. Komdu. Sýndu þig í Citroën.

International engine of the year awards 2017

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17. Lokað á laugardögum í sumar.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Forsætisráðherra Íraka lýsir yfir fullnaðarsigri í Mósúl

**ÍRAK** Haider al-Abadi, forsætisráðherra Íraks, heimsótti borgina Mósúl í gær til að óska íröskum hermönnum til hamingju með að hafa náð borginni úr höndum hersveita Íslamska ríkisins. Í tilkynningu frá skrifstofu forsætisráðherrans segir að í heimsókninni hafi hann tilkynnt um frelsun borgarinnar.

BBC fréttastofan segir að íraskar hersveitir hafi, með stuðningi flughers Bandaríkjanna, barist allt frá 17. október síðastliðnum til að ná Mósúl aftur undir sína stjórn. Hersveitir Íslamska ríkisins náðu yfirráðum í borginni í júní 2014.

Þótt her írösku stjórnarinnar hafi náð borginni á sitt vald geisa þar bardagar enn þar sem síðustu herliðar Íslamska ríkisins hafa þráast við að gefast upp. Í gær mátti heyra skothvelli.

Í fréttum íraskra miðla, sem BBC vísar til, kemur fram að þrjátíu hermenn Íslamska ríkisins hafi farist þegar þeir fleygðu sér í ána Tígris á flótta undan stjórnarhernum í gær.

Íraska stjórnin tilkynnti í janúar að hún hefði náð austurhluta Mósúl á sitt band en erfiðara var að ná tökum á vesturhlutanum.

BBC segir að 900 þúsund manns hafi flúið borgina frá árinu 2014, en það er helmingur fjöldans sem bjó þar áður en átök brutust út.

Á sama tíma og stjórnvöld lýstu yfir sigri í Mósúl vöruðu Barnaheill við áhrifum stríðs á sálarlíf barna sem sætu eftir með minningar af miklu ofbeldi og morðum. – jhh



**Haider al-Abadi heimsótti herstöð í vesturhluta Mósúl í Írak í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ný Evrópureglugerð mun litlu breyta

**Sérfræðingar telja ólíklegt að ný reglugerð Evrópusambandsins um skortsölu muni auka umsvif slíkra viðskipta hér á landi. Lítið er um skortsölu á íslenskum verðbréfamarkaði. Ástæðan er sú að lífeyrissjóðir mega ekki lána verðbréf til skortsölu og heimildir verðbréfasjóða til þess eru afar takmarkaðar. Sjóðsstjóri hjá GAMMA segir að reglugerðin muni hafa í för með sér aukið skrifræði fyrir fjárfesta.**

**VIÐSKIPTI** Ekki er líklegt að ný reglugerð Evrópusambandsins um skortsölu, sem tók gildi um mánaðamótin, muni auka umsvif skortsöluviðskipta hér á landi, enda er lífeyrissjóðum eftir sem áður óheimilt að lána bréf til slíkra viðskipta. Þetta er mat þeirra sérfræðinga á fjármálamarkaði sem Fréttablaðið ræddi við. Þeir telja brýnt að auka heimildir stofnanafjárfesta, svo sem lífeyris- og verðbréfasjóða, til þess að lána verðbréf.

Skortsala gengur þannig fyrir sig að fjárfestir fær lánuð verðbréf sem hann selur í kjölfarið. Hann kaupir síðan bréfin aftur í þeirri von að þau hafi lækkað í verði að lánstíma liðnum. Sá sem skortselur bréf veðjar með öðrum orðum á að gengi þeirra lækki.

Lítið er um skortsöluviðskipti á innlendum verðbréfamarkaði, en það sem hefur aðallega staðið skortsölu fyrir þrifum er að fáir eru tilbúnir til þess að lána bréf í slík viðskipti. Lífeyrissjóðir, sem eiga stóran hluta skráðra verðbréfa hér á landi, mega það einfaldlega ekki og verðbréfasjóðum er sniðinn þröngur stakkur í þessum efnum.

Evrópsku skortsölureglugerðinni er ætlað að treysta umgjörð skortsöluviðskipta og auka jafnframt gagnsæi um slík viðskipti. Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir jákvætt að sama umgjörð gildi nú um skortsölu hér á landi og annars staðar í Evrópu. Innleiðing reglugerðarinnar sé mikilvægt skref, en hins vegar þurfi að grípa til frekari aðgerða til þess að auka umsvif skortsölu til jafns við það sem gengur og gerist annars staðar í Evrópu. „Ég held að þátttaka stofnanafjárfesta eins og lífeyrissjóða og verðbréfasjóða sé grunnforsenda þess að við fáum svipaða virkni skortsölu og æskilegt væri. Við lítum á það sem mikla fjárfestavernd að slíkur möguleiki sé fyrir hendi. Að staða þeirra fjárfesta sem telja bréf of hátt verðlögð og þeirra sem telja þau of lágt verðlögð verði sem jöfnust,“ segir hann.

> **Virkur skortsölumarkaður gæti dregið úr öfgakenndum sveiflum á markaði og stuðlað að heilbrigðari verðlagningu á bréfum.**
>
> Jóhann Gísli Jóhannesson, sjóðsstjóri hjá GAMMA



Jóhann Gísli Jóhannesson, sjóðsstjóri hjá GAMMA, segir líklegra að reglugerðin muni fremur draga úr áhuga fjárfesta á að skortselja bréf en að auka hann. Reglugerðin hafi í för með sér aukið skrifræði og frekari tilkynningarskyldur.

Þannig þarf, svo dæmi sé tekið, að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skortstöðu í bréfum félags þegar hún fer yfir 0,2 prósent af útgefnu hlutafé félagsins. Því til viðbótar þarf að láta stofnunina vita í hvert sinn sem skortstaðan eykst um 0,1 prósent umfram umrædd 0,2 prósenta mörk.

Þá þarf fjárfestir að birta opinbera tilkynningu þegar nettó skortstaða hans í ákveðnu félagi fer yfir 0,5 prósent af útgefnu hlutafé félagsins. Jóhann Gísli segir líklegt að fjárfestar muni reyna að forðast að fara yfir umrædd mörk, þannig að ekki verði opinbert hvaða bréf þeir eru að skortselja. „Þetta er mjög grunnur markaður. Ef það liggur opinberlega fyrir að ákveðinn fjárfestir er að skortselja bréf, þá væri alveg hægt að ýta honum út úr þeim stöðum með því að byrja að kaupa bréf og sýna eftirspurn. Hann gæti þá neyðst til að loka stöðunum sínum. Þannig að þessi tilkynningarskylda gæti skapað óeðlilega hvata á markaði.“

Hann tekur undir með Páli að betra hefði verið að stíga frekari skref og auka til dæmis heimildir stofnanafjárfesta til þess að lána bréf. „Þannig væri hægt að auka framboð af lánsbréfum sem er alla jafna mjög lítið. Það er oft erfitt, ef ekki ómögulegt, að komast í slík bréf,“ segir hann. Virkur skortsölumarkaður gæti dregið úr öfgakenndum sveiflum á markaði og stuðlað að heilbrigðari verðlagningu á bréfum. kristinningi@frettabladid.is



**Lítið er um skortölu á íslenskum verðbréfamarkaði, en það sem stendur henni aðallega fyrir þrifum er skortur á lánsbréfum. Lífeyrissjóðir mega ekki lána slík bréf og verðbréfasjóðum er sniðinn þröngur stakkur.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


STEFNIR

## Samruni

*Stefnis – Erlendra hlutabréfa við Stefni – Scandinavian Fund.*

Við samruna sjóðanna eignast hlutdeildarskírteinishafar í Stefni – Erlendum hlutabréfum EUR og ISK hlutdeildarskírteini í Stefni – Scandinavian Fund.

Samruni sjóðanna miðast við 31. ágúst 2017 en á þeim degi tekur Stefnir – Scandinavian Fund við öllum eignum og skuldbindingum Stefnis – Erlendra hlutabréfa. Að því loknu verður Stefni – Erlendum hlutabréfum slitið.

Við sameininguna eignast hlutdeildaskírteinishafar í Stefni – Erlendum hlutabréfum hlutdeildarskírteini í Stefni – Scandinavian Fund miðað við dagslokagengi sjóðanna 31. ágúst 2017.

Hlutdeildarskírteinishafar Stefnis – Erlendra hlutabréfa geta eftir sem áður átt viðskipti með hlutdeildarskírteini sín í samræmi við reglur sjóðsins fram til 23. ágúst 2017, en frá og með 31. ágúst 2017 fer um viðskipti eftir reglum Stefnis – Scandinavian Fund. Engin röskun verður á viðskiptum með hlutdeildarskírteini Stefnis - Scandinavian Fund.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Stefnis hf., **www.stefnir.is**

7. júlí 2017
Stefnir hf.


# Sjómenn uggandi vegna verðfalls

**SJÁVARÚTVEGUR** Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, segir að þær verðlækkanir sem hafa orðið á fiskmörkuðum í sumar valdi sjómönnum miklum áhyggjum. Verði þær viðvarandi gætu þær reynst þjóðarbúinu afar dýrkeyptar. Engin einhlít skýring hefur fundist á lækkununum.

„Ef þorskverðið heldur áfram að lækka svona gríðarlega, þá munu áhrifin á þjóðarbúið koma fljótt í ljós þar sem þorskur er um 45 prósent af öllu aflaverðmæti. Þannig munu laun allra sjómanna lækka sem leiðir til minnkandi tekna sveitarfélaga í formi útsvars og annarra gjalda. Þannig að lækkunin smitar út frá sér. Það er engin spurning um það. Og ef hún verður viðvarandi, sem ég vona auðvitað ekki, þá er alvarleikinn mikill,“ segir hann í samtali við blaðið.

Dæmi eru um að verð á óslægðum þorski hafi lækkað um 52 prósent á milli ára. Meðalverð á fiskmörkuðum í lok júnímánaðar var 157 krónur á kíló en kílóverðið var 327 krónur á sama tíma í fyrra.

Örn segir að mikil gengisstyrking krónunnar skýri þessa lækkun að einhverju leyti, en þó ekki að öllu. Einnig hafi kostnaður við vinnslu hækkað og þá hafi stóru sjávarútvegsfyrirtækin ekki keypt eins mikið af fiski í sumar og síðustu sumur. Kaupendahópurinn sé því annar en áður. Það geti skýrt lækkunina að hluta.

Lækkanirnar hafa, að sögn Arnar, dregið úr áhuga sjómanna og jafnframt leitt til þess að mun færri stunda strandveiðar í ár en í fyrra. „En sumir vilja blása á móti og ég veit til dæmis um strandveiðimenn sem hafa verið að hugleiða það að kanna útflutning á fiski í gámum til þess að selja á erlenda markaði,“ nefnir hann. – kij



**Gengisstyrking krónunnar skýrir ekki verðfallið á fiskmörkuðum að öllu leyti. Verðið hefur lækkað um meira en 50 prósent milli ára.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# SÍÐASTI SÉNS!

# TAX FREE

# SNYRTIVÖRU DAGAR

DAGANA 6.-10. JÚLÍ
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




## Aldrei aftur



Um þrjátíu þúsund manns örkuðu um götur Kölnar í Þýskalandi í gær til að fagna þeim réttindum sem samkynhneigðir hafa öðlast á undanförnum árum. Slagorð göngunnar var „Aldrei aftur“ og minntust göngumenn þess tíma þegar nasistar ofsóttu homma og lesbíur á tímum Þriðja ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Reiði og hneykslan eftir fund G20 ríkja

**Um 20 þúsund lögreglumenn stóðu vaktina á fundi 20 stærstu efnahagsríkja í heiminum. Um 480 lögreglumenn hlutu meiðsli í mótmælum vegna fundarins. Kanslari Þýskalands þurfti að verja val sitt á fundarstaðnum opinberlega.**

**ÞÝSKALAND** Reiði og hneykslan ríkir í Þýskalandi vegna óeirða í tengslum við G20 fundinn í Hamborg. Um 20 þúsund lögreglumenn stóðu vaktina til að halda í skefjum nokkur hundruð mótmælendum sem skemmdu bíla, stálu úr búðum og köstuðu Molotov-kokteilum á fundinum sem fram fór á föstudag og laugardag. Tugþúsundir annarra mótmælenda mótmæltu friðsamlega við sama tilefni.

Tæplega 480 lögreglumenn hlutu meiðsl í mótmælunum; skurði, brunasár eftir flugelda og augnskemmdir eftir laserbendla. Lögreglan greindi frá því í gær að 186 manns hefðu verið handteknir.

Þýskir fréttamiðlar vörðu umtalsvert meira plássi í myndir af átökum lögreglunnar við mótmælendur en af fundum Merkel kanslara með leiðtogum annarra þjóða. „Skömm fyrir Þýskaland“ var fyrirsögn í þýska blaðinu Tagesspiegel. Einn af dálkahöfundum blaðsins, Gerd Nowakowski, sagði að myndir af máttlausri lögreglu í baráttu við mótmælendur væru pólitískt stórslys.

Víðlesnasta blað Þýskalands, Bild, birti myndir af grímuklæddum mótmælendum og lögreglunni með fyrirsögninni „Glæpamenn og grey“. Inni í blaðinu lýsti stjórnmálafræðingur atburðarásinni í mótmælunum og sagði þau hafa verið mjög ofbeldisfull.



Fólk tekur myndir af skemmdum í Schanzenviertel stórmarkaðnum. Mótmælendur unnu miklar skemmdir þegar fundur G20 ríkjanna fór fram. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Heimspressan hefur beint kastljósinu meira að fundi Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, með Vladimír Pútín, forseta Rússlands, á fundinum og að skoðunum Bandaríkjaforseta á loftslagsmálum.

Skoðanakönnun sýnir að meirihluti Þjóðverja, 59 prósent, telur að óeirðirnar skemmi ímynd Þýskalands jafnvel þótt ofbeldi hafi haft áhrif á fjölda alþjóðafunda víða um heim í gegnum árin.

Hamborg er önnur stærsta borg Þýskalands og Reuters fréttastofan segir að íbúar séu þekktir fyrir að vera róttækir vinstrisinnar. Merkel kanslari hefur varið val sitt á Hamborg sem fundarstað og sagði að slíkir fundir hefðu verið haldnir í öðrum stórborgum, eins og Lundúnum.

Merkel hafði viljað sýna aðilum G20, þar á meðal Pútín og Erdogan, forseta Tyrklands, að hún aðhylltist tjáningarfrelsi og hafnaði fullyrðingum um að sumar borgir gætu ekki haldið viðburð af þessu tagi.

jonhakon@frettabladid.is

# 100 ÁRA AFMÆLIS TILBOÐ

得

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
★★★★★



Pajero Instyle 7 sæta 4x4
**7.990.000**
Verðlistaverð: 9.390.000




GENGUR BÆÐI FYRIR RAFMAGNI OG BENSÍNI

Outlander Sport PHEV 4x4
**3.990.000**
Verðlistaverð: 4.590.000



L200 Double Cab 4x4
**4.750.000**
Verðlistaverð: 5.750.000




ASX Instyle 4x4
**4.190.000**
Verðlistaverð: 4.890.000

## SVONA VERÐ BÝÐST BARA EINU SINNI Á HUNDRAÐ ÁRA FRESTI

Í tilefni af 100 ára afmælinu býður Mitsubishi ótrúlegt verð á 2017 línunni. Komdu og gerðu kaup aldarinnar á japönsku gæðabílunum frá Mitsubishi. Þeir koma með fimm ára ábyrgð og eru til afhendingar strax.

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

## Vonbrigði



**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is

Við lifum á tímum afþreyingar við hvert fótmál. Tæknibylting síðustu ára hefur margfaldað aðgengi okkar að leiknu sjónvarpsefni og af því leiðir að í framleiðslu á slíku efni er fólgið gríðarlegt sóknarfæri. Sóknarfæri sem getur nýst íslensku menningar- og atvinnulífi en þá þurfa þeir sem fara með þessi málefni á vegum hins opinbera að átta sig á möguleikunum og haga fjárfestingum í samræmi við þessa þróun.

Kvikmyndasjóður, sem er á forræði Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, hefur það hlutverk að fjárfesta í þessum iðnaði en virðist engan veginn hafa náð að fylgja þessari þróun. Sjóðnum hefur hvorki tekist að vaxa í samræmi við sóknarfærin í greininni, né í samræmi við sambærilega sjóði sem hafa á sama tíma meira en tvöfaldað sitt ráðstöfunarfé. Þá er hlutfall úthlutana úr sjóðnum til leikins sjónvarpsefnis furðu lágt, eða aðeins 18 prósent, sem er í engu samræmi við þróunina innan þessa geira.

Í Fréttablaðinu á fimmtudag var greint frá því að sjónvarpsþættirnir Ófærð 2 hefðu fengið vilyrði frá Kvikmyndasjóði fyrir 60 milljóna króna styrk þrátt fyrir að aðeins fjórum af tíu handritum væri lokið sem brýtur augljóslega gegn úthlutunarreglum sjóðsins. Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, segir engu að síður m.a. um þetta: „Ég held ekki að reglur hafi verið brotnar. Við erum alltaf að meta verkefni sem er talið hæfast hverju sinni. Það eru vonsviknir aðilar sem fengu ekki styrki í ár sem hafa væntanlega komið að þessum ábendingum.“ Þessir aðilar sem Laufey gefur sér að séu vonsviknir eiga samkvæmt þessu að sætta sig við að reglurnar séu sveigðar og beygðar eftir hentugleika. Slíkt gengur auðvitað ekki við úthlutanir úr opinberum sjóði þar sem lögum samkvæmt allir eiga að sitja við sama borð. Og aðdróttanir um að gagnrýni á þessi vinnubrögð snúist um persónuleg vonbrigði eru auðvitað ekki í lagi.

Framleiðsla á leiknu íslensku sjónvarpsefni er að miklu leyti kostuð með erlendum fjárfestingum, t.d. frá efnisveitum og sjónvarpsstöðvum sem vilja tryggja sér sýningarréttinn. Til þess að sækja þetta fé er grundvallaratriði fyrir viðkomandi framleiðanda að hafa vilyrði fyrir stuðningi Kvikmyndasjóðs, þó svo að það sé langt frá því að vera meirihluti framleiðslukostnaðar, auk þess að geta staðið við skiladagsetningar á viðkomandi efni. Ítrekaðar frestanir á vilyrðum af hálfu sjóðsins geta því haft verulega skaðleg áhrif fyrir viðkomandi framleiðanda og þar með einnig íslenska kvikmyndagerð. Það eru mikil vonbrigði.

Ef íslensk kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð á að halda áfram að dafna þurfa stjórnvöld að taka starfshætti Kvikmyndasjóðs til róttækrar endurskoðunar. Framleiðendur verða að geta treyst því að þar sitji allir við sama borð og sjóðurinn þarf að marka sér skýra stefnu í samræmi við þróun á mörkuðum. Síðast en ekki síst þarf sjóðurinn að vaxa í samræmi við sóknarfærin, því hver króna sem frá honum fer hefur skilað sér tvöfalt til baka. Kvikmyndasjóður er fjárfestingarsjóður sem þarf að stjórna af fagmennsku og sanngirni.

**Ef íslensk kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð á að halda áfram að dafna þurfa stjórnvöld að taka starfshætti Kvikmyndasjóðs til róttækrar endurskoðunar.**

### Halldór







## Frá degi til dags

**Lýst eftir Degi**
**Á samfélagsmiðlunum gekk í gær auglýsing þar sem auglýst var eftir Degi B. Eggertssyni borgarstjóra. „Borgarbúar í Reykjavík lýsa eftir Degi B. Eggertssyni borgarstjóra. Síðast sást til hans mánudaginn 26. júní þegar hann tók fyrstu skóflustungu nýrra stúdentagarða í þriðja skipti að viðstöddum ljósmyndara. Dagur er skeggjaður með mikið, úfið hár, flagaraklút og roastbeefsnittu í hægri jakkavasa. Yfirleitt er hann málgefinn en Dagur hefur ekkert talað undanfarna daga,“ segir í auglýsingunni.**

**Þörf á betri boðskiptum**
**Ugglaust er þarna um að ræða eitthvert sprell sem pólitískir andstæðingar Dags hafa föndrað sjálfum sér og öðrum til skemmtunar. Það er reyndar ljóst að borgarstjórinn er gagnrýndur af andstæðingum meirihlutans í borgarstjórn fyrir að hafa ekki gengið nógu vasklega fram vegna skólplekans við Faxaskjól. Sjálfur hefur Dagur sagt að honum hafi ekki verið kunnugt um lekann fyrr en hann heyrði af honum í fjölmiðlum. Sé það rétt er spurning hvort Dagur þurfi ekki að beita sér fyrir því að boðskipti innan stjórnsýslu Reykjavíkur verði bætt. Svo borgarstjóri fái nú helstu upplýsingar um það sem er á döfinni hjá stofnunum borgarinnar hverju sinni. Í stað þess að heyra um það allt í fjölmiðlum.** jonhakon@frettabladid.is

## Velferðin í forgangi



**Þorsteinn Víglundsson**
félags- og jafnréttismálaráðherra

Heilbrigðis- og velferðarmál voru í forgrunni í síðustu kosningum. Verkefnin eru mörg og brýn. Fyrir liggur að nauðsynlegt er að endurskoða bótakerfin okkar, með að leiðarljósi að styðja betur við lágtekjuhópa. Meðal annars verður rýnt með hvaða hætti kerfið styður við einstæða foreldra.

Sérstakar hækkanir bótafjárhæða til þeirra sem búa einir og eru með lægstu fjölskyldutekjurnar verða í byrjun næsta árs. Hækkun frítekjumarka atvinnutekna ellilífeyrisþega til samræmis við frítekjumark örorkulífeyrisþega verður forgangsmál. Á kjörtímabilinu hyggjumst við hækka fæðingarorlofsgreiðslur og ráðast í endurskoðun örorkulífeyriskerfis með aukna áherslu á starfsendurhæfingu fyrir þá sem eiga þess kost og aukinn stuðning til virkni.

Til þessara verka þarf mikið fjármagn. Frá 2016 til loka ríkisfjármálaáætlunar vaxa útgjöld til heilbrigðis- og velferðarmála um nærri 100 milljarða að raunvirði og fara með því úr tæpum 49 prósentum í tæp 53 prósent af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þetta sýnir áherslu nýrrar ríkisstjórnar á velferðarmál.

Á föstudag birtist grein eftir Kolbein Óttarsson Proppé, þingmann VG, þar sem hann hélt því fram að ríkisstjórnin „hugsi fyrst og fremst um hag efsta lags samfélagsins“. Hann vísaði til laga um séreignarsparnað sem sett voru í tíð fyrri ríkisstjórnar sem er ætlað að fjölga þeim sem geta keypt sér fyrstu fasteign.

Í samfélaginu eru hópar sem ekki eru í aðstöðu til að safna til húsnæðiskaupa. Húsnæðisaðgerðir stjórnvalda sem kynntar voru í byrjun júní beinast sérstaklega að þessum hópi. Nefna má 14,5 milljarða króna sem fara í að byggja 3.200 íbúðir í samstarfi við sveitarfélög, ASÍ og fleiri aðila á næstu árum, sem verða leigðar út á sanngjörnu verði.

Niðurstaða þingmannsins er að við völd sé ríkisstjórn sem ætli sér ekki að bæta kjör þeirra verst settu. Sú staðhæfing er sett fram án stuðnings í nokkur haldbær gögn. Staðreyndir sýna hins vegar annað. Þar sést best að forgangsröðun er á velferð þeirra sem mest þurfa á að halda.

**Forgangsröðun er á velferð þeirra sem mest þurfa á að halda.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Skólaljóðin

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson

Einar Kárason skrifar skemmtilega grein um gömlu skólaljóðin í DV þar sem hann rifjar upp þennan gamla barnaskólalærdóm – myndirnar hans Halldórs Péturssonar af skáldunum og skreytingarnar, og utanaðbókarlærdóminn þegar börnin þuldu um „læpuskaps ódyggðir“ úr ljóði Bjarna Thorarensen um Ísland – að ógleymdum línunum: „Þó vellyst í förmunum völskunum meður / vafri að landi eg skaða ei tel / ef út fyrir kaupstaði íslenskt í veður / ef hún sér hættir þá frýs hún í hel.“ (Vellyst=munúð; völskunum meður=með rottunum.) Þetta kann maður enn …

**Fljúga hvítu fiðrildin**

Einar nefnir að þessi bók hafi verið aflögð þegar til valda komst ný kynslóð í menntamálum – fólk sem er svolítið eldra en við Einar og stundum kennt við 68-kynslóð. Því þótti utanaðbókarlærdómurinn til þess fallinn að hamla skilningi á ljóðunum, vera stagl og andstætt eðli skáldskaparnautnar sem væri meira í ætt við hugleiðslu og eintal sálarinnar en að romsa upp úr sér í skólastofum eins við vorum látin gera. Sérstaklega þótti líka ástæða til að endurnýja valið á skáldunum; þarna voru ekki yngri skáld en Steinn Steinarr, sem var látinn vera fulltrúi hins óskiljanlega atómskáldskapar, og konurnar voru svo fáar að það er ekki einu sinni hægt að nota um það orðið „fáar“. Þær voru þrjár. Þetta voru þuluskáldin Theódóra Thoroddsen, Hulda og Ólöf frá Hlöðum, en ekki einu sinni Skáld-Rósa – eitt höfuðskáld 19. aldar – var talin þess verð að hafa með, vegna þess sennilega að hún orti ferskeytlur, sem skólamenn voru þá þegar farnir að líta niður á sem lágbrag, af því að þorri almennings hafði vald á því að yrkja slíkt.

Teikningar Halldórs vitnuðu um bókstaflegan skilning á ljóðunum. Þannig teiknaði hann hvít fiðrildi til að skreyta vísu Sveinbjarnar Egilssonar, Fljúga hvítu fiðrildin, þar sem nærtækara hefði kannski verið að teikna stór snjókorn, um leið og þarna var drengur í röndóttum náttfötum, augljóslega samtímapiltur okkar krakkanna.

Skólaljóðin voru með öðrum orðum barn síns tíma, stórgölluð bók á ýmsan máta og hlaut að vekja sífellt andsvar, jafnvel kalla á uppreisn. En þessi bók hafði einhverja töfra. Við vorum mörg, krakkar á mínum aldri, sem iðulega sátum og blöðuðum í þessari bók, skoðuðum myndirnar, lituðum þær jafnvel eða bættum enn meira skeggi á kallana, brutum heilann um „dóttur langholts og lyngmós“, hlógum að Fjallgöngu Tómasar, táruðumst yfir Hreppsómagahnokka eftir Örn Arnarson, sem ég get enn farið með …

Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort ekki hafi verið misráðið að henda henni svona á haugana, og jafnvel hvort þessi kollsteypustefna í menningarmiðlun sem 68-kynslóðin stóð fyrir hafi kannski verið misráðin svona eftir á að hyggja, hvort sú stefna eigi kannski þátt í því menningarrofi sem manni finnst stundum að hér hafi orðið. Þar með er ekki sagt að allt hafi verið slæmt að öllu leyti sem kom í staðinn, öðru nær, og að sjálfsögðu þarft verk að láta börnin lesa meira af nútímaljóðlist en Skólaljóðin buðu upp á.

**Koll úr kolli**

Eitt var hins vegar gott og jafnvel mikilsvert við þessa bláu bók, eins og ég hef líka heyrt Andra Snæ Magnason tala um: hún hafði að geyma sameiginlegan tilvísunargrunn, ekki bara milli krakka sem áttu ólíkan bakgrunn hér og þar á landinu, heldur líka – sem ekki er síður mikilsvert – milli kynslóðanna. Það var einhver galdur í þessari bók – og ekki síst fólginn í þessu: Krakki situr og les í Skólaljóðunum og foreldrið þekkir bókina, ann henni jafnvel á sinn hátt, á sér minningar um hana, og um leið myndar bókin þráð milli foreldris og barns – jafnvel afa og ömmu og barns og þannig koll af kolli, eða kannski öllu heldur koll úr kolli. Þetta atriði hefur verið forsmáð hér í rótleysinu þar sem alltaf hefur verið talin þörf á að byrja upp á nýtt, aftur og aftur.

Maður ímyndar sér að hægt hefði verið að hafa þessa bók áfram, en þó þannig að hún væri í stöðugri endurskoðun. Þarna væri tiltekinn grunnur – fastaljóð eftir fasta höfunda – en nýjum höfundum bætt inn í með tíð og tíma og hægð, fleiri konum, yngri skáldum – og eldri. Svo hefðu nýir teiknarar bæst við og gert myndir í svipuðum stíl og Halldór, með áherslubreytingum.

Því auðvitað þurfti að endurskoða af varfærni valið á ljóðunum, auka hlut kvenna og alþýðuskálda, sem svo eru nefnd af því að þau ortu undir rímnaháttum – en hitt var einhver meinloka hjá 68-kynslóðinni að utanaðbókarlærdómur á ljóðum væri slæmur. Í rauninni er fátt nema gott um það að segja: þjálfar brageyrað sem ekki mun víst af veita.



**Pepsi-deild karla**

**Grindavík - KA 2-1**
0-1 Hallgr. M. Steingríms. (19.), 1-1 Marinó Helgas. (70.), 1-2 Andri R. Bjarnas. (81., víti).

**ÍBV - Breiðablik 1-1**
0-1 Höskuldur Gunnlaugsson (20.), 1-1 Gunnar Heiðar Þorvaldsson (72.).

**Valur - Stjarnan 1-1**
0-1 Hólmbert Aron Friðjónsson (45.), 1-1 Bjarni Ólafur Eiríksson (70.),

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Valur | 9 | 6 | 3 | 1 | 16-9 | 21 |
| Grindavík | 10 | 6 | 3 | 1 | 16-11 | 21 |
| FH | 11 | 4 | 5 | 2 | 19-15 | 17 |
| Stjarnan | 9 | 4 | 3 | 3 | 20-15 | 15 |
| Víkingur R. | 9 | 4 | 2 | 3 | 15-13 | 14 |
| KA | 10 | 3 | 3 | 4 | 17-14 | 12 |
| Breiðablik | 11 | 3 | 3 | 5 | 14-18 | 12 |
| KR | 9 | 3 | 2 | 4 | 13-15 | 11 |
| ÍBV | 10 | 3 | 2 | 5 | 11-17 | 11 |
| Víkingur Ó. | 10 | 3 | 1 | 6 | 11-18 | 10 |
| Fjölnir | 9 | 2 | 3 | 4 | 8-13 | 9 |
| ÍA | 9 | 2 | 2 | 5 | 18-20 | 8 |










## Stál í stál að Hlíðarenda



**Harkan sex** Sigurður Egill Lárusson, leikmaður Vals, og Heiðar Ægisson, leikmaður Stjörnunnar, mætast hér í hörkuleik Vals og Stjörnunnar en liðin skildu jöfn í stórleik 10. umferðar Pepsi-deildar karla í fótbolta í gær. Valsmenn eru enn á toppnum með jafnmörg stig og Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Furðulegur lokadagur

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir spilaði mjög vel á LPGA-móti í Wisconsin og náði sínum næstbesta árangri á mótaröðinni. Fékk meira verðlaunafé en áður.

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, atvinnukylfingur úr GR, náði sínum næstbesta árangri á LPGA-mótaröðinni um helgina þegar hún lauk leik í 36.-44. sæti á Thornberry Creek Classic-mótinu sem fram fór í Wisconsin í Bandaríkjunum. Hæst hefur Ólafía náð í 30. sæti en það gerði hún á sínu öðru móti í Ástralíu eftir frábæra byrjun á mótaröðinni.

Kylfingurinn magnaði spilaði lokahringinn á pari eftir að hafa fengið fjóra fugla og fjóra skolla á skrautlegum lokadegi þar sem hún hitti tíu af fjórtán brautum og 17 af 18 flötum sem þykir ansi gott. Spilamennskan var í heildina mjög góð hjá Ólafíu sem komst í gegnum niðurskurðinn í fimmta sinn á þrettán mótum. Hún lauk leik á tíu höggum undir pari.

„Það er ákveðinn tindur að komast upp á að ná tveggja stafa tölu á LPGA-mótaröðinni. Ég er bara mjög stolt af því. Vonandi held ég áfram svona,“ sagði Ólafía eftir hringinn í gær.

### Slæmi kaflinn

